

Kennslumat í fjarnámi vorið 2025

Kennslumatið var lagt fyrir 25. apríl og opið út prófatið. Því var dreift í gegnum kennsluvefi á Moodle og með póst- og sms-sendingum í gegnum Innu. Matið fór fram í gegnum Microsoft Forms. Nemendur gátu svarað könnuninni eins oft og þeir vildu en einungis var síðasta svar hvers nemanda látið gilda. Gagnrýni kom á kennslumatið vegna þess að það var opið í prófatið. Nú hefur verið ákveðið að miða dagsetningar kennslukannana við 1. nóvember að hausti og 1. apríl að vori.

Alls tóku 190 nemendur þátt af 1437 nemendum í fjarnámi (viðmiðunardagsetning 25. apríl) eða um 13,2%. Alls bárust 264 svör af 2800 skráningum í áfanga (viðmiðunardagsetning 25. apríl) eða um 9,4%. Þáttökuhlutfallið er ekki eins slæmt og árið 2023 en verra en árið 2024 og ekki í samræmi við markmið skólans sem stefnir að því að auka þátttöku í kennslumati fjarnáms.


Endurgjöf var send til kennara allra áfanga þar sem þrjú eða fleiri svör bárust og voru það samtals 38 áfangar.

Spurningarnar voru eins og haustið 2024

1. Áfanginn er vel skipulagður
2. Námsáætlun áfangans er skýr
3. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar
4. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr
5. Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga
6. Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni
7. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum
8. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
9. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
10. Ég á auðvelt með að skilja einkunnabók áfangans
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?
12. Hvaða einkunn gefur þú áfanganum á bilinu 1-10?
13. Hvað finnst þér best við áfangann?
14. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, samskipti, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
15. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ?

Dreifing í fjölda þátttakenda

Alls bárust svör frá nemendum úr 73 áföngum af 92 (8%) sem er verra en árið 2024 þegar það hlutfall var 93%.




Breytingin frá árinu 2024 er sú að í flestum áföngum eru nú 0 eða 1-2 þátttakendur úr hverjum áfanga (60% tilvika) en árið 2024 bárust 2-5 svör í hverjum áfanga. Könnunin minnir á þáttökuna í kennslukannanir ársins 2023. Það þýðir að áföngum fækkar þar sem grundvöllur er fyrir því að senda kennslumat á kennara. Þeir áfangar þar sem mörg svör bárust eru samt mun fleiri en voru 2023.


Niðurstöður spurninga 1-10

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Allar spurningar voru á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög ósammála, frekar ósammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar sammála og mjög sammála. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.


Spurning 1: Áfanginn er vel skipulagður




Spurning 2: Námsáætlun áfangans er skýr




Spurning 3: Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar




Spurning 4: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr




Spurning 5: Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfan




Spurning 6: Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni




Spurning 7: Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum




Spurning 8: Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni



Spurning 9: Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega



Spurning 10: Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans



Rýnt í niðurstöður spurninga 1-10.


Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru þeim, kemur í ljós að nemendur eru mest sammála því að námsáætlun áfangans sé skýr en síst sammála um endurgjöf kennara.

Spurning	Sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	86%	3%	11%
Áfanginn er vel skipulagður	85%	4%	11%
Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans	80%	9%	11%
Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	77%	7%	16%
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	76%	9%	15%
Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni	74%	13%	13%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	73%	20%	7%
Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga	72%	11%	17%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	71%	20%	9%
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum	56%	19%	25%

Það verður að segjast að síðasta fullyrðingin sker sig nokkuð úr og skólinn þarf að kanna með hvaða hætti kennarar gefa endurgjöf á verkefni nemenda í fjarnámi FÁ. Þessi niðurstaða er verri en í undanförunum könnunum þegar um 66% voru sammála fullyrðingunni um að þeir fengju skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum.


Niðurstöður spurningar 11

Að meðaltali gáfu nemendur áföngum sínum einkunnina 7,6 og var miðgildið 8,0 sem er svipuð niðurstaða og undanfarin ár þótt meðaltalið sé heldur lægra. Tæplega 75% nemenda gáfu áföngum sínum einkunnina sjö eða hærra sem er svipað og var á haustönn 2024.



Niðurstöður spurningar 12

Nemendur gáfu kennurum sínum hærri einkunnir en áföngum. Meðaleinkunn kennara var 8,2 og miðgildið 9. 75% nemenda gaf kennurum sínum einkunnina sjö eða hærra. Þetta er mjög svipuð niðurstaða og haustið 2024.



Niðurstöður spurningar 13

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan námsefnið, kennarann, uppsetningu áfangans á Moodle, sveigjanleika og stuðning frá kennurum.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör

- *Mjög gagnlegur áfangi sem mun hjálpa mér mikið í mínu starfi sem sjúkraliði. Mjög gagnlegur áfangi sem skilur mjög mikið eftir sig. Frábær kennari sem leggur mjög mikinn metnað í þennan áfanga.*
- *Að við erum frjáls til þess að taka stærðfræðina á okkar tíma.*
- *X er alveg frábær kennari. Þolinmóður, kemur til móts við mann, skýr og metnaðarfullur.*

Niðurstöður spurningar 14


Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle, skýrleika í verkefnalýsingum og kennsluefni og endurgjöf kennarans.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:

- *Það er margt. Glærurnar voru óskipulagðar og námsefnið sömuleiðis. Ég hefði frekar getað googlað allt námsefnið og lært þetta sjálf.*
- *Það þarf að yfirfara tímaritsgreinarnar og verkefnin sem fylgja þeim. Í sumum greinum er sami textinn endurtekinn sem getur verið smá ruglandi. Auk þess þarf að fara yfir spurningar sem unnar hafa verið af nemendum. Hefði verið til í að fá umsögn um það sem vantaði upp á fullt hús í rituðum prófaspurningum.*
- *Margar stafsetningarvillur og fattaði oft ekki hvað átti við. Einnig finnst mér að kennarinn mætti vera duglegri að hvetja og hrósa :)*


Niðurstöður spurningar 15

Eins og í undanförunum könnunum þá eru flestir svarenda ekki í öðru fjarnámi en FÁ. Um 21% svarenda sögðust vera í grunnskóla sem er um tvöfalt hærri tala en var á haustönn 2024. Það kann einfaldlega að stafa af samvirkusemi þessa hóps sem gefur ekkert eftir þótt svörunin lækki.



Sem fyrr er það afar ánægjulegt hve fjarnámið nær til margra nemenda sem ekki eru í öðru námi. Eins og fram kemur í ársskýrslum telur þessi hópur um 800 manns.

Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur voru skráðir í 25. apríl 2025



Myndin hér að ofan sýnir sömu mynd og haustið 2025. 75% fjarnema eru skráðir í 1-2 áfanga. Alls voru fjarnemarnir 1437 að baki 2800 skráningum í fjarnámið eða um tæplega 2 að jafnaði á hvern fjarnema.

Lokaorð

Þátttakan í kennslumati fjarnáms vorið 2025 var ekki jafn góð og árið 2024 en betri en árið 2023. Ástæða verri þátttöku liggur í því að það skorti eftirfylgni með henni. Það þarf að skerpa á verklagi í fyrirlagningu kennslumatsins í gæðahandbók fjarnáms.

Annað sem þarf að gera er að bregðast niðurstöðum spurningar 7 í könnuninni en það verður líklegast viðfangsefni innra mats í fjarnámi FÁ.

Endurgjöf var send til kennara í 38 áföngum þar sem svörin voru þrjú eða fleiri.

Reykjavík í júní 2025

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri